

## Stefnumótun

### Fjölmennigarstefna skóla

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að mótnum fjölmennigarstefnu í skólum sveitarfélagsins. Vinna við stefnuna er á lokasprettinum en bæði hefur verið unnið að henni í grunnskólanum og leikskólanum. Félagsmiðstöðin og íþróttar – og æksulýðossvið munu einnig koma að mótnum stefnunnar. Vonandi verður fjölmennigarstefnan tilbúin og samþykkt snemma á nýju ári en ekki er vanþörf á að allir sem vinna með börnum í sveitarfélaginu skoði þessi mál þar sem nemendum og börnum af erlendum uppruna hefur fylgdað umtalsvert í sveitarfélaginu og nauðsynlegt að mæta ólikum þörfum allra barna og bjóða þeim upp á fyrsta flokk menntun.



### Læsisstefna í grunnskólanum

Snemma á næsta ári verður farið í gerð læsisstefnu í grunnskólanum. Þá verða dregnar og skýrðar linur um helstu áherslur í læsi og lestrarkennslu frá upphafi grunnskólagöngu og þar til henni lýkur. Aðaláherslan verður á að samfella myndist í náminu og að unnið verði með viðurkenndar aðferðir sem skila árangri. Verk-efnstjóri vinnunar verður Magnea Helgadóttir en Bergljót Vilhelmsína Jónsdóttir er sérfraeðingur hópsins en hún hefur sérhæft sig í lestrarfraeðum. Í hópnum sitja einnig fulltrúar kennara á mismunandi stigum.

## Leikskólar



### Lóðin á Krílakoti

Í sumar var farið í fyrsta áfanga uppbyggingar lóðarinnar við Krílakot. Georg Hollander, handverksmaður og leikfangasmíður, var fenginn til að útfæra verkið og gerði það á mjög skemmtilegan og náttúrulegan hátt. Hann lagði áherslu á að nota lífrænan efnivið, t.d. lerki úr Kjarnaskógi, endumýtingu og fleira sem yttir undir sjálfbærni. Foreldrar leikskólabama á Krílakoti komu að verkinu og unnu með Georg. Vegna aðkomu þeirra er ljóst að verkinu verður lokið næsta sumar en ekki sumarið 2013 eins og áætlað var og eiga foreldrar skilið bestu þakkir fyrir framlag sitt.

### Færانlega kennslustofan á Kátakoti

Síðastliðið sumar var bætt við auknu húsrymi á Kátakoti, færánlegri kennslustofu. Það var gert til að mæta auknum barnafjölda þegar fjölmennir árgangar koma í leikskólanum en með því móti er hægt að bjóða talsvert fleiri börnum leikskólanám en verið hefur hingað til. Nýja rýmið er bjart og snyrtilegt og hefur þegar verið tekið í notkun.

Vid óskum þvíum sveitarfélagsins gleðilegra jóla,  
gaefurkós ára og þökkum samakiptin á hinnum árum.

Kildur Ösp Gyffadóttir

Helga Björk Möller



## Fréttabréf Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar

3.TBL.  
DES 2011  
ÁBYRGÐ: HILDUR ÖSP/HELGA BJÖRT



Í uppbyggingarstefnunni reynum við að temja okkur ákvæðið orðalag. Dæmi um lykilspurningar eru:

- ♦ Hvað ertu að gera?
- ♦ Hvað er i gangi?
- ♦ Hvað gerðist?
- ♦ Hver er reglan?
- ♦ Hvað finnst þér um það?
- ♦ Hvernig liður þér með það?
- ♦ Virkar það?
- ♦ Hvað ætlað þú að gera í því?
- ♦ Hvernig ógnaði þetta þér?

## Framþróun

### Skólamál í Árskógi

Síðustu mánuði hefur farið fram vinna varðandi breytingar á skólahaldi í Árskógi. Starfshópur skipaður fulltrúum úr Árskóggskóla, Leikbæ, fræðslusviði, fræðsluráði og umhverfissviði skilaði af sér tillögum á þá leið að leggja báða skólana í Árskógi niður og stofna nýjan skóla ætlaðan nemendum frá upphafi leikskólastigs og út 7. bekk grunnskóla. Áður verður farið í talsverðar breytingar á skólahúsnaði Árskóggskóla þannig að hægt sé að rúma alla nemendur nýja skólans í því húsnæði. Tillögurnar voru samþykktar af fræðsluráði og eru nú í afgreiðslu í bæjarstjórn.

Þegar hefur verið auglýst eftir skólastjóra hins nýja skóla en gert er ráð fyrir að skólinn taki til starfa haustið 2012. Það er von vinnuhópsins að breytingarnar verði lyftistöng fyrir skólahald i Árskógi og muni nýtast öllum íbúum sveitarfélagsins þar sem hægt verði að bjóða nemendum og foreldrum þeirra upp á frekara val um meinaðarfulla, ólika skóla. Hægt er að skoða ýmislegt frá vinnu starfshópsins á heimasíou Dalvíkurbyggðar.



### Grænfáninn - Leikbær flaggar

Þá er komið að því að fyrsti skólinn í sveitarfélagini nær að uppfylla skilyrði Grænfánans og flagga fánanum. Leikbær hefur skilað skýrslu til Landverndar sem gerði í kjölfarið úttekt á leikskólanum. Niðurstaðan var sú að Leikbær er tilbúinn til að flagga fánanum og stefnt er að því að draga hann á stöng mars 😊

Aðrir leik – og grunnskólar sveitarfélagsins munu sækja um fánann á næstu mánuðum en flestir þeirra eru á lokasprettinum í vinnunni „Skóli á grænni grein“. Krilakot stefnir á að flagga eftir sveitarferðina 24. maí næstkomandi, hinir skólanir eru ekki búin að ávæða dagsetningar en stefna á vorið.



## Ýmislegt

### Skólanámskrár

Síðastliðin tvö ár hefur mikil vinna farið fram í skólum sveitarfélagsins við að útbúa gildar skólanámskrár fyrir alla skólana en samkvæmt lögum og reglugerðum skal hver skóli eiga skólanámskrá sem starfsfólk skólans starfar eftir og ytra eftirlit byggir á. Ný skólanámskrá Krilakots var samþykkt fyrir um ári síðan, skólanámskrá Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar nú á haustdögum, skólanámskrá Kátakots í október og skólanámskrá Leikbæjar er í yfirlestri hjá fræðsluráði eins og er. Vinna við skólanámskrá Grunnskóla Dalvíkurbyggðar er á lokasprettinum og verður lokaútgáfa hennar lögð fyrir fræðsluráði janúar næstkomandi til samþykktar. Það má því segja að mikilvægt markmið í fræðslumálum sveitarfélagsins sé að nást.



### Skólamötuneyti — úttekt

Nýverið var gerður samningur við matsyrirtækio Sýni um reglulegar úttektir á skólamötuneyti verktaða. Ein úttekt hefur þegar farið fram en úttektaraðili kom fyrirvara laust og tók út mótneytið og matinn þann daginn. Hann skilaði síðan skýrslu um úttektina til stjórnenda skóla sem fá mat úr mótneytinu og kom með tillögur um úrbætur ef þurfa þótti. Fleiri úttektir eru á döfunni varðandi aðstöðu verktaða, hráefni, eldun og matinn.

## Ráðningar

### Nýjar stjórnendur á árinu

Á árinu 2011 hafa verið nokkrar mannabreytingar í stjórnun á fræðslu- og menningarsviði. Nýr deildarstjóri tók til starfa í grunnskólanum, nýr aðstoðarleikskólastjóri á Kátakoti, nýr skólastjóri á Krilakoti, ráðinn var deildarstjóri við tónlistarskólan, nýr verkefnastjóri í felagsmiðstöðinni og nýr íþróttar- og æskulýðsfulltrúi var ráðinn hjá sveitarfélagini og mun hefja störf á nýju ári.

Sveitarfélagið fagnar því að fá þessa nýju, frambærilegu stjórnendur til starfa en þakkar jafnframt fráfarandi stjórnendum kærlega fyrir störf síðustu ára og óskar þeim vel-farnaðar í framtíðinni.



Steinunn Guðnadóttir, Aðstoðarleikskólastjóri á Kátakoti



Magnús Sigurjón Guðmundsson, verkefnastjóri felagsmiðstöðvarinnar



Árman Einarsson, deildarstjóri í Tónlistarskólanum.



Árni Jónsson, íþróttar- og æskulýðsfulltrúi



Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri á Krilakoti



Katrín Fjóla Guðmundsdóttir, deildarstjóri yngsta stígs Grunnskóla Dalvíkurbyggðar